122 ísins, er nemur ¾% af innkaupsverði allra raforkuvirkja, raftækja og hverskonar
26. júlí raffanga, sem flutt eru til landsins, nema af raforkuvirkjum til skipa og annara fartækja, s. s. bifreiða, svo og ekki heldur af raforkuvirkjum til Landssímans og til
21. maí Ríkisútvarpsins, sem eru beinlínis ætluð fyrir starfrækslu þessara stofnana.
1940 Gjald þetta ber að miða við verð það á vörunni, sem verðtollur er miðaður við, sbr. 10. gr. tollskrárlaganna nr. 62/1939, og skal það fyrst um sinn fært í tollbókinni í sérstakan strikaðan dálk í athugasemdadálknum og þar að auki skal það vera innifalið í samtalsfjárhæð aðflutningsgjaldanna. Við tollmerkingu á innkaupsreikningi skal gjaldið kallað rafmagnseftirlitsgjald.

Gjaldi þessu skal skilað til ríkisféhirðis á sama hátt og gjöldum í ríkissjóð, og skal það sérstaklega aðgreint á skilagrein, en á skilagreininni skal það fært undir „Aðra sjóði“.

123
6. ágúst

# REGLUGERÐ

## um breyting á reglugerð nr. 122 29. des. 1931, um einkasölu á tóbaki.

1. gr.

9. gr. reglugerðar nr. 122 29. des. 1931, um einkasölu á tóbaki, orðist svo:

Hámarksálagning á tóbaksvörum í smásölu má eigi vera hærri en 20%, miðað við verð einkasölunnar, að viðbættum flutningskostnaði til útsölustaðarins.

Fyrir flutningskostnaði til útsölustaðar má eigi reikna hærri viðbótarálagningu en 3%.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem gengur þegar í gildi, er sett samkvæmt lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki.

*Fjármálaráðuneytið, 6. ágúst 1940.*

**Jakob Möller.**

*Magnús Gíslason.*

124

# REIKNINGUR

## Styrktar- og sjúkrasjóðs vitavarða Íslands 1939.

Tekjur:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. Í sjóði 31. des. 1938 | | | kr. | 7617.71 |
| 2. Gestafé | kr. | 829.25 | | |
| 3. Tillög vitavarða | — | 649.52 | | |
| 4. Tillag ríkissjóðs | — | 1000.00 | | |
| 5. Vextir | — | 1393.48 | | |
| | | | — | 3872.25 |
| | | | Kr. | 11489.96 |

Gjöld:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Greiddur styrkur | kr. | 1776.00 |
| 2. Í sjóði við uppgjör | — | 9713.96 |
| | Kr. | 11489.96 |

Eignir 31. desember 1939: 124

| | | | |
|---|---|---|---|
| 6½% skuldabréf bæjarsjóðs Reykjavíkur 1923 ...... | kr. 500.00 | | |
| 6% — — — 1925 ...... | — 1000.00 | | |
| 6% — — — 1931 ...... | — 2000.00 | | |
| 4. fl. bankavaxtabréf Landsbanka Íslands ............ | — 1000.00 | | |
| 8. — — — — ............ | — 1000.00 | | |
| 9. — — — — ............ | — 1000.00 | | |
| 10. — — — — ............ | — 11200.00 | | |
| Veðbréf Mjólkurfélags Reykjavíkur .................. | — 3000.00 | | |
| Hlutabréf Eimskipafélags Íslands .................... | — 25.00 | kr. 20725.00 | |
| Í sparisjóði 31. des. 1939 .................................. | | — 9713.96 | |
| | | Kr. 30438.96 | |

Reykjavík, 30. apríl 1940.

VITAMÁLASTJÓRINN

**Emil Jónsson.**

## REIKNINGUR 125

**yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Hannesar Árnasonar fyrir árið 1939.**

Tekjur:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Sjóður frá f. ári: | | |
| a. Bankavaxtabréf ............................ | kr. 13200.00 | |
| b. Fasteignaveðslán ........................... | — 80780.00 | |
| c. Ríkisskuldabréf ............................ | — 10000.00 | |
| d. Bankainnstæða ............................. | — 4250.53 | |
| e. Útistandandi vextir ......................... | — 971.50 | kr. 109202.03 |
| 2. Vextir: | | |
| a. Af bankavaxtabréfum ....................... | kr. 1081.75 | |
| b. — ríkisskuldabréfum ........................ | — 550.00 | |
| c. — fasteignaveðslánum ...................... | — 2361.50 | |
| d. — bankainnstæðu .......................... | — 47.79 | |
| e. Útistandandi vextir ......................... | — 1696.50 | — 5737.54 |
| | | Kr. 114939.57 |

Gjöld:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Styrkur veittur ........................................... | | kr. 3400.00 |
| 2. Eign í árslok: | | |
| a. Bankavaxtabréf ............................ | kr. 13200.00 | |
| b. Fasteignaveðslán ........................... | — 82780.00 | |
| c. Ríkisskuldabréf ............................ | — 10000.00 | |
| d. Útistandandi vextir ......................... | — 2668.00 | |
| e. Bankainnstæða ............................. | — 2891.57 | — 111539.57 |
| | | Kr. 114939.57 |

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 10. marz 1940.*

**Friðgeir Bjarnarson.**